

**Heiðar Már Guðjónsson**, fer fyrir þeim hópi fjárfesta sem lýst hefur áhuga á að kaupa tryggingafélagið Sjóvá af ríkinu og Íslandsbanka. Heiðar Már var til skamms tíma handgenginn **Björgólfi Thor Björgólfssyni** og starfaði hjá Novator í London. Hann er tengdasonur **Björns Bjarnasonar**, fyrrverandi dómsmálaráðherra.



**Vogunarsjóðir**  
Heiðar Már Guðjónsson hefur langa reynslu af vogunarsjóðum og vinnur hjá einum slíkum í Sviss þar sem hann býr.

# MAÐURINN SEM VILL KAUPA SJÓVÁ

JÓHANN HAUSSON

blaðamaður skrifar: johannh@dv.is



Heiðar Már Guðjónsson er stúdent frá Verslunarskóla Íslands og með próf í hagfræði frá Háskóla Íslands. Hann er tengdasonur Björns Bjarnasonar, fyrrverandi dómsmálaráðherra, kvæntur Sigríði Sól. Hann býr nú í Sviss og starfar fyrir þarlandan vogunarsjóð. Hann fer nú fyrir hópi fjárfesta sem vilja kaupa Sjóvá af ríkinu, Glitni og Íslandsbanka.

Heiðar hóf störf á fjármálamarkaði árið 1996 fyrst hjá Fjávangi sem verðbréfamiðlari. Ári síðar varð hann millistjórnandi hjá Íslandsbanka. Hann var einn af stofnendum Kaupþings í New York árið 2000 ásamt Hreiðari Má Sigurðssyni og fleirum. Þar tók hann að sér að stýra GIR- vogunarsjóðnum á snærum

Kaupþings. Sjóðurinn, sem stundum var nefndur Gir-sjóðurinn meðal manna í fjármálalífinu, var skrásettur á Caymaneyju í Karíbahafinu. Hann fékkst meðal annars við að kaupa íslensk skuldabréf og koma þeim í verð í Bandaríkjunum. GIR-sjóðurinn komst í fréttirnar eftir hrun í tengslum við upplýsingar sem Ari Matthíasson hagfræðingur lagði fram hjá skattayfirvöldum um einkennilega kynningu á starfsemi sjóðsins á Hótel Holti fyrir um áratug. Gert var ráð fyrir að sjóðurinn færi aldrei niður fyrir 2 milljarða króna. Lofað var 40 til 50 prósentu árlegri ávöxtun og að hann yrði greiddur út tvisvar ári. Ari sat þennan kynningarfund ásamt þekktum og ríkum íslenskum fjárfestum. Hann segist hafa undrast það mest að forsvarsmenn sjóðsins hafi fullyrt að fjárfestar gætu fengið arð sinn greiddan inn á reikninga hvar sem er í heiminum. Hann lét skattayfirvöld vita um þessar yfirlýsingar eftir bankahrúnið

þegar umræða hófst um undanskot íslenskra útrásarvíkinga og háar upphæðir í skattaskjólum.

## Spilað gegn krónunni

Ari greindi frá reynslu sinni í Silfri Egils og eftir það grennsluðust fjölmiðlar nánar fyrir um málið. Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri staðfesti í gær að embættið hefði ákveðið að bregðast við frásögn Ara af fundinum þar sem málið virtist vera svo alvarlegt að það kallaði á skoðun. „Það er alvarlegur hlutur ef verið er að markaðssetja einhverja afurð í þeim tilgangi að menn komi sér beint undan skattgreiðslum. Það verður að skoða það,“ sagði Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri í samtali við vefmiðilinn mbl.is 30. janúar 2009.

„Það stingur dálítið í augu að lífeyrissjóðir séu að skipta við svona sjóð,“ sagði Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra við DV þann 22. maí í



fyrja. Samkvæmt ársreikningum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga, Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, Lífeyrissjóðs bænda og Lífeyrissjóðs Norðurlands (Stapi) fjárfestu þeir í GIR sjóðnum á Caymaneyju.

Samkvæmt heimildum DV tók GIR-sjóðurinn stöðu gegn krónunni í upphafi starfstíma síns upp úr árinu 2000. Gengi krónunar tók að veikjast einkum á árinu 2001. Í ársbyrjun var gengisvísitalan 121; Bandaríkjadalur kostaði 85 krónur og evran um 80 krónur. Í nóvember sama ár var gengisvísitalan komin í 150. Dalurinn kostaði þá landsmenn 109 krónur og evran 96 krónur. Fall krónunnar var um eða yfir 20 prósent.

### Handgenginn Björgólf Thor

Heiðar Már Guðjónsson fór frá GIR sjóði Kaupþings til starfa fyrir Íslandsbanka en gekk loks til liðs við Björgólf Thor Björgólfsson árið 2005 og hóf störf hjá Novator, félagi Björgólfs Thors í London árið 2005. Hann varð aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Straumi-Burðarási árið 2006 og var einnig varamaður í stjórn fjárfestingabankans. Heimildir eru fyrir því að Sigurjón Þ. Arnason bankastjóri Landsbankans á þessum tíma hafi

viljað ráða Heiðar til verka þegar árið 2004 en ekkert varð af því. Heiðar hefur undanfarin ár verið í innsta hring með Björgólfi Thor. Í úttekt Sigurðar Mús Jónssonar blaðamanns Viðskiptablaðsins skömmu fyrir bankahrun var Heiðar Már talinn upp sem nánasti samstarfsmaður Björgólfs Thors ásamt Orra Haukssyni, fyrrverandi aðstoðarmanni Davíðs Oddssonar í forsætisráðuneytinu, en Orri hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Aðrir í innsta hring Björgólfs Thors eru Tómas Ottó Hansen, Birgir Már Ragnarsson og Sigurður Ólafsson.

Heimildarmaður DV fullyrðir að Heiðar Már hafi átt þátt í því að taka

stöðu gegn krónunni snemma árs 2006 þegar íslenska fjármálakerfið gekk í gegn um þrengingar sem stundum eru kallaðar litla kreppan. Snemma þetta ár kom meðal annars út fræg skýrsla hagfræðinganna Lars Christensen og Carsten Valgreen hjá Danske Bank um kreppu íslenska fjármálakerfisins og vísast að mörgum bankamanninum hafi ekki litist á blikuna. Á þessum tíma var Heiðar Már hjá Novator í London.

Illa gekk að verja krónuna falli sem var mjög hátt skráð í byrjun ársins. Þá var gengisvísitalan 105 og hægt að kaupa dalinn á 63 krónur og evruna á 75 krónur. Í lok apríl var gengisvísitalan komin upp í 130 og kostaði dalur þá 75 krónur en evra 93 krónur. Gengið hafði fallið um meira en 20 prósent.

### Tengdafaðirinn

Björn Bjarnason hefur á vefsíðu sinni bjorn.is tekið upp hanskann fyrir Heiðar Má tengdason sinn. Aðeins nokkrum dögum eftir bankahrunið misbauð Birni skrif DV þess efnis að Björn hefði aldrei sagt styggðaryrði um fyrirtæki Björgólfs Thors og föður hans Björgólfs Guðmundssonar þegar rætt væri um spillingu auðmanna. Björn svaraði þessu með eftirfarandi hætti á vefsíðu sinni, en hann var þá dómsmálaráðherra:

„Mér sýnist DV einkum haldið úti núna til að ráðast á þá, sem hafa lengst allra verið á milli tannanna á málsvörum Baugsveldisins. Ég hef síður en svo farið varhluta af þeim árásum og taka þær á sig ýmsar myndir og gætu örugglega orðið kennslufni í fjölmiðlafræði til að sýna fjölbreytileikann. – Nú síðustu daga hefur athygli verið beint að viðbúnaði lög-

reglu og fluttur hefur verið uppspuni um hann. Þegar ekki verður haldið lengra á þeirri spunabraut virðist um helgina sleginn nýr tónn, sem byggist á óvild DV í garð Björgólfsfeðganna og er ég talinn halda hlífiskildi yfir þeim vegna tengdasonar míns, sem starfar hjá Novator í London!“



**Tengdafaðirinn** Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra, er tengdafaðir Heiðars Mús.

### Ritdómur um Hannes Hólmstein

Heiðar Már hefur blandað sér í þjóðmálaumræðu og meðal annars fjallað um einhliða upptöku evru eftir bankahrunið ásamt Ársæli Valfells sem nú fylgir Heiðari Má í samningaviðræðum við Íslandsbanka um kaup á Sjóvá-Almennum. Nýlegustu skrif Heiðars Mús er að finna í tímaritinu Þjóðmál, sem haldið er úti af hægri-mönnum. Björn Bjarnason, tengdafaðir Heiðars Mús, skrifar reglulega í tímaritið, nú síðast um verkefni Sjálfstæðisflokksins. Heiðar Már ritar aftur dóm um bók Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um áhrif skattahækkana á hagvöxt og lífskjör. Kveðst Heiðar Már þekkja til skattkerfa í Svíþjóð, Bandaríkjunum og Sviss þar sem hann býi nú um stundir. Hann hælir bók prófessorsins, segir hana vel skrifaða og auðlesna. Í ritdómnum segir á einum stað: „Sá leiði misskilningur að hagnaður eins sé tap annars er almennur. Hann er rót flestra ranghugmynda um hagkerfið og leiðir af sér ótrúlegustu vitleysur... Þetta veldur því að fólk sér þá sem eiga fjármagn sem arðræningja og á sama hátt eru þeir fátæku fórnarlömb, en það myndi réttlæta mjög stighækkandi fjármagnstekjuskatt með tekjujöfnun sem markmið.“